



Samgöngustofa

Könnunarskýrsla fyrir 2016

Júní 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.2.1	Bókhald	6
4.2.2	Laun.....	6
4.2.3	Ráðningarsamningar og starfslýsingar	6
4.2.4	Tekjur og gjaldskrá	6
4.2.5	Gjöld.....	7
4.2.6	Ferðakostnaður.....	7
4.2.7	Annað.....	7
5	Könnun rekstrarliða	8
6	Könnun efnahagsliða	9
6.1	Eignir	9
6.1.1	Skammtímakröfur	9
6.1.2	Ríkissjóður.....	9
6.1.3	Handbært fé.....	9
6.2	Eigið fé og skuldir	10
6.2.1	Höfuðstóll	10
6.2.2	Bundið eigið fé	10
6.2.3	Skammtímaskuldir	10
7	Önnur atriði	11
7.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	11
7.2	Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið könnun á ársreikningi Samgöngustofu fyrir árið 2016. Samgöngustofa gerði ársreikninginn og lagði fram í samræmi við lög og reglur. Með bréfi þessu er greint frá niðurstöðu könnunarinnar, yfirferð á fjárheimildum, rekstri ársins og fjárhagsstöðu í árslok.

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun endurskoðenda á ársreikningum. Könnunin fól í sér spurningar til starfsmanna Samgöngustofu sem ábyrgir eru fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningu og könnunaraðgerðum. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum. Ekki er víst að öll mikilvæg atriði, sem kæmu í ljós við endurskoðun, upplýsist með könnun og því er ekki látið í ljós álit um endurskoðun.

Ársreikningurinn hefur verið áritaður með eftirfarandi niðurstöðu: „Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu Samgöngustofu á árinu 2016, fjárhagsstöðu í árslok og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.“

2 Niðurstöður og ábendingar

Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- ✓ Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu sína frá fyrra ári, um að komið verði á skipulögðu verklagi við afstemmingar á tekjum. Samgöngustofa hefur svarað því til að úrbætur hafi dregist vegna innleiðingar á nýrri uppfærslu á Navision og einnig vegna mikilla mannbreytinga í fjármáladeild. Þessu mun verða komið í farveg á árinu 2017.
- ✓ Aðgangsheimildir í Navision eru of víðtækar í dag og mælist Ríkisendurskoðun til að það verði lagað eins fljótt og hægt er. Samkvæmt svörum frá Samgöngustofu verður þetta lagað eftir að uppfærslu á Navision lýkur.
- ✓ Ríkisendurskoðun mælist til að yfirferð launalista sé staðfest fyrir hvern mánuð fyrir sig og ætlar stofnunin að fylgja því eftir að þetta verklag sé viðhaft.
- ✓ Ábendingu var komi á framfæri við fjármálastjóra að bæta megi afstemmingar á viðskiptakröfum og lánardrottnum þar sem upp komu frávik og hefur hún þegar verið tekin til athugunar hjá stofnunni.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs til Samgöngustofu á árinu 2016 nam 622,1 m.kr. að frádregnum áætluðum ríkistekjum að fjárhæð 871,4 m.kr. Tekjuafgangur á árinu nam 237,9 m.kr. en á árinu 2015 nam tekjuafgangurinn 123,1. m.kr.

Höfuðstóll Samgöngustofu nam 68,9 m.kr. í árslok 2016 og hafði staðan batnað um 227,5 m.kr. frá árinu áður. Þetta skýrist af tekjuafgangi ársins sem nam 237,9 m.kr. og fjárveitingu skv. lokafjárlögum 2015 sem nam 135,0 m.kr en á móti vegur 145,4 m.kr. millifærsla af höfuðstól á bundið eigið fé.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Launagjöld	1.195.800	1.195.800	1.385.218	-189.418	1.444.856
Önnur rekstrargjöld	721.600	751.600	628.866	122.734	591.934
Sértekjur	-433.300	-433.300	-543.213	109.913	-510.041
Markaðar tekjur	-469.900	-499.900	-677.432	177.532	-589.159
Aðrar rekstrartekjur	-401.500	-401.500	-433.957	32.457	-333.391
Tilfærslur	500	500	1.655	-1.155	1.730
Fjármunatekjur	0	0	-15.989	15.989	-56.432
Fjármagnsgjöld	0		15.179	-15.179	19.891
Samtals	613.200	613.200	360.327	252.873	569.388
Eignakaup	8.900	8.900	23.918	-15.018	43.373
Samtals	622.100	622.100	384.245	237.855	612.761

Eins og fram kemur hér að ofan er nokkur mismunur á milli fjárheimilda og rekstrar, einkum á launakostnaði og mörkuðum tekjum. Launagjöld reyndust 189,4 m.kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, markaðar tekjur 177,5 m.kr. hærri, önnur rekstrargjöld 122,7 m.kr. lægri og sértekjur 109,9 m.kr. hærri. Eignakaup urðu hins vegar 15,0 m.kr. hærri en fjárheimild gerði ráð fyrir og tilfærslur 1,2 m.kr. hærri. Um 237,9 m.kr. tekjuafgangur var á rekstri ársins.

3.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun er gerð árlega, samþykkt af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og borin saman við rauntölur með reglubundnum hætti.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Að mati Ríkisendurskoðunar er innra eftirlit hjá Samgöngustofu almennt virkt. Aðgangsheimildir í Navision eru nú of víðtækar. Sökum mannabreytinga og uppfærslu á Navision var aðgangsheimildum breytt með þeim afleiðingum að ekki er aðgreining á milli þeirra sem geta bókað og þeirra sem hafa greiðsluheimild. Þetta verður lagað þegar uppfærslu á Navision lýkur formlega og mælist Ríkisendurskoðun til að aðgreiningunni verði fylgt fast eftir. Tekið skal fram að ekkert óeðlilegt kom í ljós við könnun.

4.2.1 Bókhald

Stofnunin annast sjálf færslu bókhalds (Navision) og greiðslu reikninga en útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Reikningar eru samþykktir rafrænt og skrifa tveir til þrír upp á alla reikninga, þar af þarf fjármálastjóri að samþykkja alla reikninga til greiðslu.

4.2.2 Laun

Við könnunina kom í ljós að yfirferð á launalistum ársins 2016 var ekki í neinu tilfalli staðfest með undirritun. Ríkisendurskoðun mælist til að yfirferð launalista sé staðfest fyrir hvern mánuð fyrir sig. Kostur er ef listinn gefur samanburð við laun í fyrri mánuði.

Notast er við stimpilklukku og Vinnustund.

4.2.3 Ráðningarsamningar og starfslýsingar

Ráðningarsamningar eru gerðir við alla starfsmenn stofnunarinnar. Við könnun ársins 2015 kom fram að skv. mannauðsstjóra þurfti að endurgera alla ráðningarsamninga eftir sameiningu stofnana í Samgöngustofu og var þeirri vinnu þá ekki að fullu lokið. Sú vinna hefur tafist sökum fæðingarorlofs starfsmanna í mannauðsdeild. Að sögn mannauðsstjóra er mjög lítið eftir af þessari yfirferð. Það sama á við um yfirferð á starfslýsingum. Stefnt er að því að eiga til starfslýsingar fyrir öll störf en sú yfirferð hefur tafist af sömu orsökum. Jafnframt kom fram hjá mannauðsstjóra að mikil vinna væri framundan vegna vörpunar hjá SFR yfir í nýjar launatöflur sem tóku gildi 1. júní 2017 og því þurfi að breyta ráðningarsamningum fyrir u.þ.b. 60 starfsmenn.

4.2.4 Tekjur og gjaldskrá

Við endurskoðun ársins 2014 var lagt til að komið væri á skipulögðu verklagi varðandi afstemmingar og að afstemmingarblöð vegna tekna væru fyllt út. Á síðasta ári gaf stofnunin þá

skýringu að þetta hefði ekki gengið eftir, m.a. vegna þess að innleiðing nýrrar uppfærslu af Navision hefði dregist. Þetta er enn ekki komið í lag og er ástæðan m.a. fyrrnefnd uppfærsla af Navision sem lauk í mars 2017 en einnig miklar mannabreytingar innan fjármáladeildar á árinu 2016. Samgöngustofu hefur því ekki unnist tími til að koma þessu í skipulagt ferli.

Ríkisendurskoðun afhenti Alþingi skýrslu í maí 2017 um innheimtu kostnaðar hjá Samgöngustofu. Þar kemur meðal annars fram að innanríkisráðuneyti kom því formlega á framfæri við stofnunina að hún innleiddi verkbókhald með markvissari hætti sem grundvöll fyrir gjaldskrá stofnunarinnar. Að sögn framkvæmdastjóra rekstrarsviðs verður þetta stórt verkefni á árinu 2017, þ.e. að taka upp verkbókhald fyrir alla þætti og samræma gjaldskrá. Væntingar standa til þess að þetta muni einnig leiða til þess að verklag við tekjuafstemmingar verði skipulagt í samræmi við fyrri ábendingar Ríkisendurskoðunar.

4.2.5 Gjöld

Fylgiskjalaskoðun var gerð sem hluti af könnun á ársreikningi. Tekið var úrtak fylgiskjala á nokkrum tegundum. Fylgiskjölín voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglu um meðferð reikninga. Ábendingum var komið á framfæri og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf og fengust fullnægjandi skýringar.

4.2.6 Ferðakostnaður

Nokkrir erlendir ferðareikningar voru skoðaðir og er utanumhald og frágangur ferðagagna almennt góður hjá Samgöngustofu. Í nánast öllum tilfellum sem skoðuð voru undirrituðu yfirmaður og starfsmaður báðir ferðareikninginn. Ferðabeiðni var hins vegar oftast einungis undirrituð af yfirmanni. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við kostnaðarliðinn.

4.2.7 Annað

Verklagsreglur eru til um hluta starfseminnar. Skipurit er til fyrir stofnunina. Eignaskrá er til staðar hjá stofnuninni.

5 Könnun rekstrarliða

Tekjur námu alls 1.654,6 m.kr. á árinu 2016 og skiptast í sértekjur 543,2 m.kr., markaðar tekjur 677,4 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 434,0 m.kr. Breytingar á bókfærðum tekjum og áætlun voru bornar saman og gerðar fyrirspurnir.

Launagjöld og starfsmannakostnaður námu 1.385,2 m.kr. á árinu og lækkaði um 4,1% á milli ára þrátt fyrir almennar launahækkningar á árinu 2016. Ástæður lækkunar er m.a. þær að umferðareftirlit var þann 1. janúar 2016 flutt frá Samgöngustofu til lögreglu og biðlaun starfsmanna á uppsagnarfresti lækkuðu úr 43,4 m.kr. árið 2015 í 2,0 m.kr. árið 2016. Einnig lækkaði yfirvinna um 67,8 m.kr. á milli ára eða um 32,3%. Ársverk árið 2016 voru 128,1 í árslok en voru 139,6 árið áður. Starfsmenn voru 132, þar af voru 129 í fullu starfi. Laun og launatengd gjöld reiknuð á ársverk námu 10,8 m.kr. árið 2016 og hækkuðu um 4,4% frá fyrra ári. Starfsmannakostnaður var 10,8 m.kr. árið 2016. Ekki var gerð launaendurskoðun þetta árið.

Rekstrargjöld án launa og launatengdra gjalda, þ.e. önnur rekstrargjöld, tilfærslur og eignakaup, námu 654,4 m.kr. og hækka um 2,7% frá fyrra ári.

Eignakaup á árinu 2016 námu 23,9 m.kr. en fjárheimildin nam 8,9 m.kr. Eignakaup ársins voru aðallega endurnýjun á tölum og sínum. Þá var einnig keyptur varaafgjafi og stjórnstöð vegna aðgangskorta ásamt afritunarstæðu. Að sögn fjármálastjóra var farið í að kaupa þennan afritunarbúnað vegna tíðra vírusárása til að styrkja varnir stofnunarinnar.

Könnun okkar varðandi annan rekstrarkostnað og eignakaup er án athugasemda.

6 Könnun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Samgöngustofu 1.698,1 m.kr. og skuldir 94,3 m.kr. Eigið fé nam því 1.603,8 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Skammtímakröfur	284.155	238.075	46.080
Ríkissjóður	1.248.860	1.150.561	98.299
Handbært fé	165.100	61.166	103.934
Eignir alls	1.698.115	1.449.802	248.313
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	68.932	-158.572	227.503
Bundið eigið fé	1.534.878	1.524.526	10.352
Skammtímaskuldir	94.305	83.848	10.457
Eigið fé og skuldir alls	1.698.115	1.449.802	248.312

6.1 Eignir

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, og stöðu einstakra liða veltufjármuna og skammtímaskulda. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa.

6.1.1 Skammtímakröfur

Heildarkröfur námu 284,2 m.kr. í árslok 2016. Könnun og fyrirspurnir vegna krafna fólust meðal annars í því að yfirfara aldursgreindan lista og skoða hvernig kröfur innheimtust eftir áramót. Af heildarkröfum voru 4,2% ógreiddar um miðjan maí 2017. Við skoðun á tuttugu hæstu viðskiptamönnunum í árslok, sem voru samtals með 69,5% af heildarkröfum, var nánast allt greitt. Könnun okkar er án athugasemda en benda má þó á að bæta megi afstemmingar á viðskiptakröfum og hefur þeirri ábendingu verið komið á framfæri við fjármálastjóra

6.1.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í ársreikningnum. Í árslok 2016 var inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 1.248,9 m.kr. og hafði greiðslustaðan batnað um 98,3 m.kr. frá fyrra ári.

6.1.3 Handbært fé

Handbært fé nam 165,1 m.kr. í árslok 2016. Farið var yfir bankaafstemmingar í árslok 2016 og sannreynt að staða samkvæmt bókhaldi væri í samræmi við bankayfirlit. Sú könnun var án athugasemda.

Ut anumhald og afstemming bankareikninga og sjóða er gott hjá Samgöngustofu. Bankareikningar eru stemmdir af mánaðarlega. Sjóðirnir innihalda skiptimynt fyrir

þjónustuverið. Í lok hvers dags sér hver þjónustufulltrúi um að gera upp sinn sjóð. Sjóðirnir eru svo taldir í þjónustudeild og því afstemmdir daglega. Könnun var án athugasemda.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll stofnunarinnar var jákvæður um 68,9 m.kr. í árslok 2016. Staðan batnaði um 227,5 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur hagnaði ársins 237,9 m.kr. að viðbættum 135,0 m.kr. vegna lokafjárlaga 2015 og að frádreginni 145,4 m.kr. millifærslu af höfuðstól á bundið eigið fé.

6.2.2 Bundið eigið fé

Bundið eigið fé stofnunarinnar nam 1.525,0 m.kr. en samkvæmt ákvörðun fjárlagaskrifstofu er mismunurinn á fjárheimild og mörkuðum tekjum vegna skráningargjalda ökutækja og umferðaröryggisgjalds færður á annað eigið fé. Samtals er bundið eigið fé 1.534,9 m.kr.

6.2.3 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu samtals 94,3 m.kr. í árslok. Könnun skammtímaskulda var meðal annars fólgin í yfirferð á stærstu lánardrottnunum sem námu 66,0% af heildarskammtímaskuldum en þær höfðu allar verið greiddar um miðjan maí 2017. Af heildarskuldum voru 6,7% ógreiddar um miðjan maí 2017. Við yfirferðina kom í ljós að skuld vegna Nortype var óbreytt frá fyrra árið eða 4,5 m.kr. Ástæðan var sú að ekki hafði verið athugað að bóka uppgjorið vegna Nortype sem bókast átti á árið 2016. Það uppgjör fól í sér 8,9 m.kr. inneign. Að frádreginni skuld hefði staðan því orðið samtals 4,4 m.kr. krafa. Að öðru leyti er yfirferð skammtímaskulda án athugasemda.

7 Önnur atriði

7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings Samgöngustofu 2016. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi stofnunarinnar eða skýringum með honum.

7.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að könnuninni.